



Upplýsingaöryggi

Uppfært: 8. september 2025

Ölgerðin skuldbindur sig til að hámarka öryggi upplýsinga félagsins, starfsfólks og viðskiptavina með tilliti til leyndar, réttleika og tiltækileika.

Ölgerðin stuðlar að virkri öryggisvitund m.a. með fræðsluefni til starfsfólks.

Ölgerðin vinnur að stöðugum umbótum og greinir tækifæri og áhættur varðandi upplýsingaöryggi.

Ölgerðin stuðlar að virkri fræðslu um upplýsingaöryggi og tekur allt starfsfólk þátt í því að vernda gögn og upplýsingakerfi gegn óheimiluðum aðgangi, notkun, breytingu, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi eða flutningi.

Ölgerðin vinnur með áreiðanleg gögn, notendur hafa auðveldan aðgang að upplýsingum og þjónustu sem þau hafa þörf á hverju sinni á öruggan hátt.

Ölgerðin er með virkt kerfi sem fylgist með netárásum og setur upp öryggisreglur til að varna slíku. Allt starfsfólk hefur hlutverk í því að reyna að koma í veg fyrir netárásir

- Aldrei smella á linki og viðhengi sem koma frá sendanda sem er óþekktur, sendanda sem sendir þér ekki vanalega linki eða linki sem virðast grunsamlegir
- Notaðu sterk lykilorð og aldrei gefa það upp

Ef starfsmaður er í vafa með grunsamlega beiðni eða póst tengt netmálum skal hafa samband við: hjalp@olgerdin.is

Ölgerðin hýsir gögn hjá þjónustuaðilum sem vinna allir eftir öryggis staðli um upplýsingaöryggi (svo sem ISO27001).

Yfirlit 12.06.2025